

Danska

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandafjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnátta í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik. Jafnframt er takmark námsins að nemendurnir öðlist skilning á skyldleika norrænu tungumálanna og menningunni að baki þeim, þeir læri að greina hvað einkennir hvert tungumál og geti skilið og tjáð skoðun sína í norrænu samhengi.

(Aðalnámskrá grunnskóla – ALMENNUR HLUTI 2011 – Greinasvið 2013, bls. 124)

Markmið

Hlustun: að nemandi geti fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg.

Lesskilningur: að nemandi geti lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.

Samskipti: að nemandi geti sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða.

Frásögn: að nemandi geti tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.

Ritun: að nemandi geti skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.

Menningarlæsi: að nemandi geti sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.

Leiðir

Hlustun: Hlustunaræfingar, tónlist, þættir og bíómyndir.

Lesskilningur: textar í námsbókum, smásögur, textar af netinu, tímarit, dagblöð og frjálslestrarbækur.

Samskipti: samtalsæfingar og samtöl við kennara.

Frásögn: samtalsæfingar og kynningar fyrir kennara og bekkjarfélaga.

Ritun: æfingar í námsbókum, stuttar ritunaræfingar, tölvupóstur, plaköt og tölvuverkefni.

Menningarlæsi: þættir, bíómyndir, tímarit, blöð og dægurefni af netinu.

Námsmat

Skriflegt lokapróf á 1. önn, munnlegt lokapróf á 2. önn, skriflegt lokapróf á 3. önn. Vinnubækur og vinnusemi er metið til einkunnar eftir hverja önn. Þematengd verkefni og kynningar eru metin hverju sinni með sjálfsmati, jafningjamati og kennaramati eftir því sem við á.

Námsgögn

Bækur: valdir kaflar úr Ekko, Tænk og Smil, smásögur og frjálslestrarbækur.

Þættir: Store drømme, Store Nørd, X – factor og fleira sem passar við.

Bíómyndir, Vikaren, Hævnen, Kærlighed ved første hik.

Þemaverkefni: Lýðháskólar, mystik, matur og glæpir.
